



ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR

- 2022 -

Landbúnaðarsýningin 2018 þótti takast einstaklega vel. Bændur og búalið streymdu á sýninguna alls staðar að af landinu til að skoða nýjust tæki og tól og meta hvers kyns þjónustutilboð. Má fullyrða að sýningin hafi fengið fleiri gesti en nokkur önnur sýning er hefur verið haldin í Laugardalshöll. Við höldum því full bjartsýni til móts við ÍSLENSKAN LANDBÚNAÐ 2022 sem verður í Höllinni 14. – 16. október.

Markmið sýningarinnar er m.a. að kynna fjölbreytni íslensks landbúnaðar og hreinleika íslenskrar matvælaframleiðslu. Að kynna fyrir bændum og öðrum gestum tæki og tól til landbúnaðar og hvers kyns rekstrarvörur og aðrar vörur fyrir íslenskan landbúnað.

Við stefnum að því að senda prentaða boðsmíða til bænda. Sýnendur fá einnig 5 frímiða per pantaðan fm í sýningarrými og auka frímiða fyrir útisvæði. Þannig næst afar góð markaðs setning beint til rétttra aðila innan landbúnaðarins. Almennungi gefst einnig tækifæri á að heimsækja sýninguna gegn vægu gjaldi.

Dagskrá sýningarinnar er í mótun svo sem fyrirlestradagskrá og aðrar upptökur er verða kynntar er nær dregur.

Verð á sýningarsvæði innan veggja LAUGARDALSHALLAR verður óbreytt frá 2018 eða kr. 19.500 per fm. Einnig verður boðið upp á afgirt útisvæði á kr. 6.500 per fm. Staðfestingargjald við bókun er kr. 35.000 - sem er óafturkræft. Verð + vsk. Netkerfi verður sett upp og notkun innifalin, gólfflísar verða á gólfum, ræsting á göngum og öryggisgæsla innifalin svo eitthvað sé talið. Rafmagnsnotkun er innifalin en ekki raftenglar í bása.

Sýningarkerfi Sýningarkerfafyrirtækið Merking er með tilboð á sýningarkerfum. Hafa samband við petur@merking.is pawel@merking.is

Með ykkar þátttöku er ekki að efa að í uppsiglingu er glæsileg landbúnaðarsýning á besta stað sem mun styrkja ímynd íslensks landbúnaðar. Hafið sem fyrst samband við undirrituð varðandi möguleika á sýningarbás.

Bestu kveðjur, **Ólafur M. Jóhannesson**, framkvæmdastjóri ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2022
olafur@ritsyn.is 698 8150

Markaðsstjóri **Inga**, inga@ritform.is 898 8022